

GJALDSKRÁ

velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks.

1. gr.

Upphæð gjalds.

Stakt fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks (16 ára og eldri), þ.e. fyrir fasta ferð eða tilfallandi ferð, skal miðast við stakt gjald fyrir öryrkja hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Gjald vegna tímabils korta (30 daga kort eða árs kort) fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks (16 ára og eldri) miðast við tímabils kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Nemakort fyrir 16 ára og eldri, sem stunda viðurkennt framhalds- eða háskólanám, skal miðast við tímabils kort fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

Fargjald fyrir aðra farþega sem ferðast með notendum akstursþjónustunnar er í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. hverju sinni.

2. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var á fundi velferðarráðs 30. október 2024, á fundi borgarráðs 7. nóvember 2024 og á fundi borgarstjórnar 19. nóvember 2024, er sett á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1288/2023.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 25. nóvember 2024.

Einar Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 9. desember 2024